

Fwd: Um útilistaverk í Kópavogi

Til : Guðmundur G. Gunnarsson <gudmundurgg@kopavogur.is>
Frá : Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>
Heiti : Fwd: Um útilistaverk í Kópavogi
Málsnúmer : 22115327
Málsaðili : Listaháskóli Íslands
Skráð dags : 24.11.2022 17:19:43
Höfundur : Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>
Viðhengi mynd
6.png

Sent from [Outlook for iOS](#)

From: Bjarki Bragason
Sent: Thursday, November 24, 2022 5:12:34 PM
To: audurdk@kopavogur.is
Subject: Um útilistaverk í Kópavogi

Sæl Auður,

Í samskiptum við Brynju Sveinsdóttur í Gerðarsafni kom ábending frá henni að ég myndi vera í sambandi við þig upp á að koma á samtali við Umhverfis og skipulagsráð Kópavogsbæjar um útilistaverk í bænum, en umræður um það hafa verið í gangi síðan 2020. Ég myndi gjarnan vilja koma á fund ráðsins sem fyrst og kynna verkefnið fyrir aðilum ráðsins. Mér skildist á Brynju að þú hafir heyrt af verkefninu en ég hengi við hér fyrir neðan stuttan úrdrátt um verkið úr fyrri pósti mínum til Brynju þar sem ég var að rifja upp verkefnið. Ég er fús til samtals áður en ég færi fyrir ráðið, en ég er með tilbúna kynningu sem ég get flutt þegar ég kæmi inn á fund.

Kær kveðja,
Bjarki
s. 8919447

Um verkefnið:

Undanfarin þrjú ár hef ég átt í ýmiskonar viðræðum við Kópavogsbæ, Gerðarsafn og Listasafn ASÍ í tengslum við gerð útilistaverks í bænum úr öllum jarðvegi og efnum úr garði sem amma mín og afi áttu á Kópavogsbraut sem ég hef unnið rannsóknir út frá, allt frá árinu 2009. Þær rannsóknir hafa leitt af sér verk sem nú eru í eigu annarsvegar Listasafns Íslands og hinsvegar Listasafns ASÍ. Þau voru frumbyggjar á Kársnesi og gerðu líkt og margar fjölskyldur sem byggðu upp Kópavogsbæ, keyptu lítinn skúr sem þau byggðu margoft við, og ræktuðu upp myndarlegan garð á annars berangurslegu nesinu. Nú er kominn smá skrið í málið og langar mig að upplýsa málsaðila um stöðu málanna og leita eftir samtali og vonandi samstarfi við Kópavogs. Ég man ekki alveg í hvaða samtölum við tvö höfum átt um þetta svo ég reifa aðeins forsöguna hér.

Upphaflegt samtal um gerð útilistaverks í Kópavogi hófst árið 2019 þegar ég var valinn til samstarfs við Listasafn ASÍ um tvær einkasýningar, en einn hluti af því verkefni var að þegar garður sem áður tilheyrði fjölskyldu minni á Kópavogsbraut 69 yrði rifinn þá myndi ég fá steypuna úr húsinu, allan jarðveginn, allan

gróður og klöppina undan húsinu, og allt þetta efni yrði flutt á nýjan stað í Kópavogi og úr þessu gert myndlistarverk í almenningsrými, nokkurskonar skúlptúr / garður, - verk sem er ákveðinn staður, en færður úr stað, og vekur upp spurningar um hvað staður sé. Þetta er nýr staður byggður upp úr leifum, rými sem snúið er á hvolf.

Listasafn ASÍ og Kópavogsbær áttu í samtölum sem ég tók þátt í, og Gerðarsafn kom inn í það líka þá með fyrrum safnstjóra, Jónu Hlíf Halldórsdóttur. Í kjölfar fundar með Soffíu Karlsdóttur, Jónu Hlíf og Elísabetu Gunnarsdóttur safnstjóra Listasafns ASÍ vorið 2020 fundaði ég með lista og menningarráði Kópavogs sem veitti því jákvæða umsögn að ég myndi vinna verk í bænum úr efnunum úr garðinum. Síðan átti ég fund með umhverfis og skipulagsráði sem voru jákvæð en málið frestaðist þar. Einnig frestaðist niðurrif garðsins oft auk þess að heimsfaraldurinn setti hluti á ís.

Nýlega fékk ég svo fréttir af því frá verktakanum sem á garðinn og ætlar að byggja þar nýtt hús, að niðurrif á garðinum verður í mars-apríl á næsta ári, það hefur verið samþykkt í kerfi bæjarins (mun fara í grenndarkynningu fljótlega geri ég ráð fyrir).

Nú er svo komið að Listasafn ASÍ ætlar að gefa út bók um rannsóknir mínar og ferli tengt garðinum, og það lýkur formlega samstarfi mínu við Listasafn ASÍ. Bókin fjallar um allt ferli mitt tengt garðinum frá árinu 2009 þegar ég hófst handa. Um er að ræða ca. 150 bls ritstýrða bók með fjölda mynda og teikninga. Bókin mun svo ná utan um ferlið næsta vor líka.

Bjarki Bragason

Forseti myndlistardeildar / Head of Fine Art Department

Dósent / Associate Professor

lhi.is

Laugarnesvegur 91

105 Reykjavík / Iceland

Tel +354 5452245

[Fyrirvari við tölvupósti / Email disclaimer](#)